

3. ágúst 1852. Foreldrar hennar voru þar ógift vinnuhjú, Jón Sigurðsson og Margrét Jónsdóttir bóna á Krakavöllum Guðmundssonar. Ekki er vitað hvar hún ólst upp, en hún mun hafa farið í vistir ung að árum. Hún kom frá Langhúsum í Fljótum og var vinnukona á Sigrunesi 1873—1875, en hefur trúlega farið aftur inn í Fljót. Hún var vinnukona í Skarðdal 1878—1879, skrapp aðeins vestur að Barði til að gifta sig um haustið en fór svo vorið 1879 að Hálsi í Flókadal.

Pau Gunnar hafa trúlega verið á Hálsi 1879—1880, en þaðan komu þau að Vík og voru þar vinnuhjú 1880—1882. Þá fóru þau á ný inn í Fljót, en ekki er vitað hvar þau voru. Helga kom frá Syðsta-Mói í Flókadal 1886 og varð vinnukona í Skarðdal, en Gunnar kom ári síðar. Pau voru í Skarðdal til 1888, en síðan bjuggu þau á ýmsum stöðum í kauptúninu, eitt ár í Skólahúsi, tvö í Nausti, aftur tvö ár í Skólahúsi, en síðan í Neðri-Höfn og Barðahúsi, sitt árið í hvorum stað.

Þá byggði Gunnar lítinn torfbæ neðarlega á Eyrinni og nefndi hann Tjarnir. Síðar mun klerki hafa þótt það nafn of veglegt og kallað þá þetta býli Tjarnakot. Parna bjuggu þau Gunnar og Helga frá 1895 og þar bjó Helga ekkja til 1904, en þá flutti hún til Seyðisfjarðar og er ekki um hana vitað frekar.

Gunnar var sjómaður, var á hákarlaskipum á vertíðum, en reri á smákænum þess á milli, mun sjálfur hafa átt byttu síðustu árin. Hann var einn af skipverjum á „Helga“ frá Staðarholi þegar hann fórst í ágúst 1898.

Börn þeirra, sem um er vitað, voru:

Sigurður Guðni, f. 10. febr. 1882. Hann ólst upp með móður sinni en fór ekki með henni til Austfjarða. Hann varð þá vinnumaður á ýmsum stöðum, fór að Pönglabakka í Porgeirsfirði 1910 og er ekki um hann vitað síðan.

Sigríður Kristín, f. 21. sept. 1892. Hún fór með móður sinni til Seyðisfjarðar 1904.

Dóttir Helgu fyrir giftingu með Sigurði Sæmundssyni, þá vinnumanni á Sigrunesi var *Marsibil*, f. á Sigrunesi 13. jan. 1875. Kona Björns Björnssonar á Vindheimum.

HAFLIÐI GUÐMUNDSSON HREPPSTJÓRI

Fæddur í Stöðlakoti í Reykjavík 2. desember 1852. Dáinn á Sigrufirði 12. apríl 1917. Foreldrar hans voru Guðmundur Guðmundsson og Ragnheiður Þorsteinsdóttir í Stöðlakoti. — Ragnheiður var alsystir Kristínar móður Snorra faktors Pálssonar.

Ungur að aldri réðst Haflidi til vistar til Andrésar Fjeldsted bóna á Hvítárvöllum og var þar fimm ár, 1867—1872. Þar lærði hann margvísleg störf sem ekki voru algeng í þá daga. Þar lærði hann blikksmiði og niðursuðu matvæla, auk algengra smiða. Eftir að hann kom aftur til Reykjavíkur vann hann nokkuð að mürsmiði, var meðal annars við byggingu hegningaráhússins við Skólavörðustíg 9. Starfsheiti hans voru líka með ýmsu móti fyrstu árin eftir að hann kom til Sigrufjarðar. Hann var nefndur ýmist blikksmiður eða mürsmiður og stundum notaðar styttingarnar blikkari og mürari, einnig bregður fyrir að hann sé nefndur húsasmíður, eða bara smiður. Viðast mun hann þó hafa verið þekktur sem Haflidi hreppstjóri, eftir að hann tók það embætti að sér.

Vafalaust hefur orðið vinskapur milli þeirra frænda, Haflida og Snorra, eftir að hinn síðarnefndi settist á Alþingi og fór að dvelja langdvöldum í Reykjavík. Sennilegt má telja að áhugi Snorra á niðursuðuiðnaði hafi skapast af frásögnum Haflida og þekkingu hans á þessum atvinnurekstri. Þegar Snorri svo kom á fót niðursuðu á Sigrufirði, ásamt Einari á Hraunum, réð hann Haflida til að standa fyrir því verki og hann kom til Sigrufjarðar 1877 í júní.

Fyrsta verk Haflida fyrir niðursuðuna var að byggja hús yfir starfsemina. Síðan stjórnaði hann verki og smiðaði dósir undir framleiðsluna. Sjálfsgagt hefur hann þó ekki smiðað þær allar með eigin hendi, heldur kennt öðrum og haft alla yfirstjórn. Þessi verksmiðja var ekki lengi við lýði og kom margt til. Hún mun hafa hætt starfsemi sinni 1882.

Haflidi keypti þá hús verksmiðjunnar, breytti því í íbúðarhús og bjó þar 1883—1898. Þá byggði hann íbúðarhús fyrir madömu Margréti, ekkju Snorra faktors, 1883. Það hús keypti hann síðar

og bjó þar frá 1898 til dauðadags. Það er elsta húsið sem enn er búið í á Siglufirði. Nú býr þar sonardóttir Hafliða.

Mest mun Hafliði hafa starfað að allskonar smíðum, og margir voru þeir sem leituðu til hans í því efni. Hann virtist jafnvígur að smíða úr tré og allskonar málum, auk þess sem hann hlóð og móraði grunna undir hús og nokkra kjallara.

Ekki verður reynt að telja upp þau opinber störf sem Hafliði Guðmundsson hafði á hendi, en aðeins getið þess að hann var lengi í hreppsnefnd, oddviti 1889—1903, aftur 1904—1910 og hreppstjóri samfellt frá 1896 til dauðadags. Auk þessara starfa var hann í ótal nefndum og stjórnum fyrirtækja og félaga sem of langt væri upp að telja. Má þó þess minnast að hann var formaður stjórnar Sparisjóðsins 16 ár, en í gæslustjórn hans 31 ár.

Það mætti sýnast svo að hreppstjórastarf í litlu sveitarfélagi hafi ekki verið mjög örðugt eða tímafrekt, enda mun svo ekki hafa verið fyrstu árin. Síðari árin er vafasamt að margir hefðu viljað taka starfið að sér eða getað skilað því jafn farsællega og Hafliði gerði. Þá var síldarævintýrið að byrja og allt fylltist af aðkomufólki, bæði innlendu og erlendu. Fjörðurinn fullur af erlendum skipum um hverja helgi, og oftar þó. Róstur voru tíðar og hreppstjórin varð að halda uppi reglu og stilla til friðar þegar allt ætlaði úr hófi að keyra. Hafliði var sérstaklega laginn að stilla til friðar og sætta ribbaldana. Er loks var sett löggregluyfirvald yfir síldartímann þegar mest var um að vera, mun oftast hafa komið í hlut Hafliða að sætta og setja niður deilur. Hafliði naut vinsælda og virðingar í hvívetna, eigi síst vegna sáttastarfs síns.

Kona Hafliða, gift 9. apríl 1880, var *Sigríður Pálsdóttir*, fædd í Holti í Reykjavík 5. nóvember 1855, dáin á Siglufirði 14. október 1932. Foreldrar hennar voru Páll Magnússon tómthúsmaður og kona hans, Guðrún Lýðsdóttir.

Sigríður kom frá Reykjavík 1879 og var talin vinnukona í Höfn þar til hún giftist Hafliða og þau fóru að búa í Ytrahúsi en þar áttu þau heima þar til þau fluttu í Niðursuðuhúsið, sem áður segir.

Börn þeirra voru:

Helgi, f. 27. ágúst 1880. Kaupmaður og útgerðarmaður á Siglu-

firði. Kona hans hét Sigríður Jónsdóttir.

Kristín Ragnheiður, f. 1. okt. 1881. Kona Halldórs Jónassonar kaupmanns á Siglufirði.

María Þorbjörg, f. 19. jan. 1884, d. 29. jan. 1887.

Guðmundur, f. 7. maí 1889. Hafnarstjóri á Siglufirði. Kvæntur Theódóru Pálsdóttur Árdals.

Andrés, f. 17. ágúst 1891. Umboðsmaður Olíuverslunar Íslands á Siglufirði. Kona hans var Ingibjörg Jónsdóttir.

Ólöf Þorbjörg, f. 10. des. 1894. Gift Sophusi A. Blöndal kaupmanni á Siglufirði.

HALLDÓR EINARSSON VINNUMAÐUR Á HVANNEYRI

Fæddur á Hrappsstöðum í Svarfaðardal um 1817. Dáinn á Nautabúi á Fremri-byggð í Skagafirði 23. apríl 1893. Foreldrar hans voru Einar (1776—1842) bóni á Brimnesi á Upsaströnd, Oddsson bóna á Dagverðareyri, Gunnarssonar bóna í Ytra-Krossanesi, Magnússonar; og kona hans, Guðrún (1779 — eftir 1860) Jónsdóttir bóna í Reykjahlíð við Mývatn, Einarssonar. — Kona Odds á Dagverðareyri og móðir Einars var Þorgerður Jónsdóttir bóna á Tréstöðum í Glæsibæjarhreppi, Markússonar frá Hlöðum, Ólafssonar. — Fyrri kona Jóns í Reykjahlíð og móðir Guðrúnar var Björg Jónsdóttir, prests á Völlum, Halldórssonar í Vík í Skagafirði, Þorbergssonar sýslumanns, Hrólffsonar.

Halldór var lengst ævi sinnar í vinnumennsku. Hann var þó talinn bóni í Efstakotí á Upsaströnd 1839—1841. Að þeim árum frá-toldum var hann jafnan annarra hjú og stundaði mest sjó. Hann var formaður á fiskibátum, en ekki sést að hann hafi komist í tölu hákarlaformanna. Í Hvanneyrarhrepp kom hann frá Karlsá á Upsaströnd og var vinnumaður í Vík 1846—1848, í Leyningi 1848—1849, á Hvanneyri 1849—1854, á Staðarholi 1854—1858, í Höfn 1858—1859, á Hraunum í Fljótum 1859—1861 og á Hvanneyri aftur frá 1861. Þar missti hann konu sína, en var áfram hjá séra Jóni Sveinssyni og fór með honum að Mælifelli 1867. Hann